

HVALFJARÐAR
SVEIT



Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020

(Síðasta breyting samþykkt í sveitarstjórn 14. 06. 2011.)

Breyting í mars 2014.

Umhverfisskýrsla

Önnur skipulagsgögn:

Skipulagsuppdráttur og greinargerð,
dags. 2014-05-15
br: 2014-11-17

Maí 2014

2014-05-15
br. 2014-11-17

**TEIKNISTOFA
ARKITEKTA**

GYLFI GUÐJÓNSSON
OG FÉLAGAR ehf.
arkitektar faí

Efnisyfirlit

1. Umhverfisskýrsla.....	3
1.1. Inngangur.....	3
1.2. Umhverfismat áætlana	3
1.2.1. Inntak áætlunar, helstu stefnumið og tengsl við aðra áætlanagerð.....	3
1.2.2. Þættir í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar	4
1.2.3. Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar	5
1.2.4. Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.	6
1.2.5. Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar.	6
1.2.6. Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar.	7
1.2.7. Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.	7
1.2.8. Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir sem um er að ræða voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var.	7
1.2.9. Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar, komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.	8
1.3. Samantekt	8

1. UMHVERFISSKÝRSLA

1.1. INNGANGUR

Almennt séð getur starfsemi á iðnaðarsvæðum verið háð mati á umhverfisáhrifum sbr. 1. og 2. viðauki laga um mat á umhverfisáhrifum. Á þessu stigi máls liggur ekki endanlega fyrir hvaða starfsemi verður á nýju iðnaðarsvæðunum nema á vestursvæðinu þar sem skipaviðgerðir og tengd starfsemi er fyrirhuguð á 14,7 ha svæði.

Lögð hefur verið inn fyrirspurn um matskyldu hugsanlegrar framkvæmdar á Grundartanga, austursvæði samkv. lið 4 d í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun hefur úrskurðað að sú starfsemi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Aðalskipulagsbreytingin markar stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum og er því háð ákvæðum laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (25. liður) er kveðið á um að iðnaðarframkvæmdir sem taka til stærra svæðis en 50 ha séu ávallt háðar mati á umhverfisáhrifum. Nýju iðnaðarsvæðin samkvæmt áætluninni eru tvískipt, annars vegar 14, 7 ha á vestursvæði, en hins vegar 49,1 ha á austursvæði. Samtals nemur því stækkun iðnaðarsvæða á Grundartanga samkvæmt áætluninni 63,8 ha. Tekið skal fram að báðum svæðum verður skipt upp í nokkrar lóðir sem gerð verður grein fyrir á deiliskipulagsstigi.

Umhverfisskýrslan er unnin í samræmi við 6. gr. laga um umhverfismat áætlana.

1.2. UMHVERFISMAT ÁÆTLANA

Markmiðið með lögum um mat á umhverfisáhrifum áætlana er að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinna skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.

Skipulagslýsing, verkáætlun skipulagsáætlunar og áherslur í umhverfismati var samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 25. mars 2014. Kynningar- og samráðsferlið samkv. 30. gr. skipulagslaga hófst 1. maí 2014.

1.2.1. Inntak áætlunar, helstu stefnumið og tengsl við aðra áætlanagerð

Áætlunin kveður á um að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 verði breytt á þann veg að iðnaðarsvæði á Grundartanga verði stækkað, en athafnasvæði, athafna- og hafnarsvæði verði minnkuð að sama skapi.

Auk þess er gert ráð fyrir að landnotkunarflekar á austursvæði gangi ekki eins nærri strönd, Katanestjörn og Kalmannsá og þeir gera í gildandi aðalskipulagi. Opín svæði stækka þar af leiðandi umtalsvert. Fyrirhugaður er nýr vegur sem mun liggja nærri norðurmörkum lóðar Norðaráls á móts við Katanestjörn og tengja austurhluta skipulagssvæðisins við framhald Grundartangavegar nr. 506 til austurs.

Tílefni breytingarinnar er eftirspurn eftir lóðum fyrir iðnaðarstarfsemi á Grundartanga sem æskilegt er að bregðast við.

Breytingin tekur aðallega til austursvæðisins á Grundartanga þar sem hluti athafnasvæða (AT) og hafnarsvæða (Hafnir H) er breytt í iðnaðarsvæði, en einnig syðsta hluta vestursvæðisins neðan Klafastaðavegar þar sem samkv. gildandi aðalskipulagi er skilgreint athafnasvæði og blönduð landnotkun athafnasvæði/hafnarsvæði (AT/H).

Á vestursvæðinu er m. a. áformuð starfsemi á sviði skipaviðgerða, dráttarbraut, þurrkví, flotkví og tengd þjónusta.

Á austursvæði eru áformaðar stórar lóðir fyrir starfsemi sem tengist annarri iðnaðarframleiðslu á svæðinu og stuðlar m. a. að lengra vinnsluferli afurða iðnaðarfyrirtækjanna á Grundartanga.

Í skipulagslýsingunni hefur verið gerð grein fyrir áherslum sveitarstjórnar við aðalskipulagsgerðina og þar er að finna upplýsingar um forsendur, fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Í gildi er aðalskipulag Hvalfjarðarsveitar 2008-2020, sem tók gildi í júlí 2010 og síðast breytt í júní 2011.

Í gildi eru eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir á Grundartanga:

Deiliskipulag stóriðnaðarsvæðis, síðasta breyting samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2004.

Deiliskipulag vestursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 23. apríl 2013.

Deiliskipulag austursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2007.

Aðliggjandi sveitarfélög eru Skorradalshreppur og Borgarbyggð að norðan, Bláskógabyggð að austan, Kjósarhreppur og Reykjavík að sunnan og Akraneskaupstaður að vestan.

Sameiginlegar skipulagslínur eru að öðru jöfnu fyrst og fremst vegir, flutningslínur og fjarskiptalagnir. Aðalskipulagsbreytingin hefur ekki áhrif á aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga eða á landsáætlanir svo sem samgönguáætlun eða náttúruverndaráætlun.

Í framhaldi af aðalskipulagsbreytingunni verða gerðar breytingar á deiliskipulagsáætlunum vestur- og austursvæðis á Grundartanga. Breyting á deiliskipulagi austursvæðis verður auglýst samhliða aðalskipulagsbreytingu þessari.

1.2.2. Þættir í umhverfinu sem skipta máli varðandi efni og landfræðilegt umfang áætlunarinnar og umfjöllun um líklega þróun þess án framfylgdar viðkomandi áætlunar

Katanestjórn (Þjóðminjaverndarsvæði, Þ26) hefur verið endurheimt, frárennslisskurðum lokað og áform eru um frekari umhverfisbætur.

Áætlunin gerir ráð fyrir stærrri tjörn og rýmilegum opnum svæðum meðfram henni, en á og við Katanestjórn er fjölskrúðugt fuglalíf.

Meðfram Kalmansá eru einnig skilgreind umtalsverð opin svæði

Ströndin er á náttúruminjaskrá: Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olústöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Enda þótt svæði á náttúruminjaskrá njóti ekki formlegrar verndar skal haft samráð við Umhverfisstofnun um deiliskipulag á svæðum innan fyrrgreindrar afmörkunar.

Talsvert er um fornminjar við og upp af Katanesi. Mikilvægustu minjarnar auk Katanestjarnar eru undir bæjarhólnum á Katanesi. Fyrir liggur fornleifaskrá fyrir Hvalfjarðarsveit. Einnig hafa verið gerðar fornleifakannanir vegna hugsanlegrar staðsetningar iðnaðarstarfsemi á svæðinu.

Lögum samkvæmt verður haft samráð við Minjastofnun Íslands um deiliskipulag og uppbyggingu á fyrrgreindu svæði.

Líkleg þróun svæðisins án framfylgdar áætlunarinnar þ.e. breytingin úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði er fyrst og fremst háð þeirri starfsemi sem heimiluð verður á svæðinu og fjallað um í deiliskipulagi.

Nýtt iðnaðarsvæði (I) á vestursvæði er til komið vegna þess að landnotkunarflokkurinn Hafnarsvæði (H) sem heimilaði skipaviðgerðir, þurrkví, flotkví og tengda starfsemi, hefur verið aflagður. Landnotkunarflokkurinn Hafnir (H) heimilar hins vegar ekki fyrrnefnda starfsemi. Því er ekki um að ræða eiginlega breytingu á efni áætlunarinnar að Hafnarsvæði (H) samkvæmt eldri skilgreiningu breytist í iðnaðarsvæði (I).

1.2.3. Lýsing á þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar

Andrúmsloft/loftgæði

Uppbygging á nýjum iðnaðarsvæðum er m.a. háð sérstökum áherslum/skilmálum sveitarstjórnar og Faxaflóahafna sem sett eru fram í skipulagslýsingu og lágmarka munu áhrif af framkvæmd áætlunarinnar:

- Öll starfsemi skal uppfylla ströngustu kröfur um mengunarvarnir og mengunarvarnarbúnað sem viðurkenndur er af Umhverfisstofnun.
- Ekki er heimilt að reisa verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun á brennisteinstvíoxíði á svæðinu.
- Ekki er heimilt að reisa nýjar verksmiðjur eða iðnaðarfyrirtæki sem hafa í för með sér losun flúors á svæðinu.
- Ekki er heimilt að gera ráð fyrir starfsemi á svæðinu sem hefur í för með sér veruleg umhverfisáhrif skv. rökstuddu mati Skipulagsstofnunar m.t.t mengunar og áhrifa þrávirkra lífrænna á loft, sjó og land og með hliðsjón af þeirri umhverfissvöktun sem fram fer á svæðinu.

Vatn og sjór

Umhverfisáhrif stækkunar iðnaðarsvæðisins á vatn og sjó, yfirborðs- og grunnvatn er háð eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem heimiluð verður á svæðinu og verða því ekki metin á þessu stigi. Fyrir liggur að Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar muni sjá viðkomandi starfsemi fyrir nauðsynlegu vatni til framleiðslunnar.

Vistkerfi

Hluti strandar austursvæðis er á náttúruminjaskrá: Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.

Enda þótt svæði á náttúruminjaskrá njóti ekki formlegrar verndar verður í samráði við Umhverfisstofnun leitast við að lágmarka umhverfisáhrif iðnfyrirtækja á landslag og lífríki fjörunnar svo og fuglalíf við og upp af ströndinni.

Heilsa og öryggi

Leggja skal fram hávaðakort og gera grein fyrir nauðsynlegum mótvægisáðgerðum með byggingarleyfisumsókn samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Í starfsleyfum viðkomandi starfsemi verður kveðið á um hvernig efni verða geymd og gengið frá fráveitu í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um slík mannvirki þannig að ekki skapist mengunarhætta, sbr. reglugerð um mengun vatns nr. 796/1999 og reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999.

Eldvarnir og og viðbrögð við efnaleka vegna nýrra iðnaðarsvæða er hluti af slökkviliðsmálum iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Viðbragsáætlun varðandi efnaleka og eldvarnir skal leggja fram með byggingarleyfisumsókn.

Ávallt skal beita bestu fánlegri tækni sem uppfyllir BAT staðal til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum.

Hagrænir og félagslegir þættir

Á þessu stigi máls liggur ekki fyrir hvaða starfsemi verður á nýju iðnaðarsvæðinum. Þó er ljóst að um verður að ræða nokkrar lóðir sem skilgreindar verða í deiliskipulagi. Aðallega er horft til starfsemi sem tengist annarri iðnaðarframleiðslu á svæðinu og stuðlar m. a. að lengra vinnsluferli afurða iðnaðarfyrirtækjanna á Grundartanga. Stækkun iðnaðarsvæðisins hefur jákvæð áhrif á atvinnu- og verðmætasköpun á landsvísu svo og fyrir Hvalfjarðarsveit og Faxaflóahafnir þar sem um getur verið að ræða mikinn fjölda starfa á ársgrundvelli og aukinn útflutning verðmætra afurða frá höfninni.

Aðalflutningar vegna starfseminnar verða væntanlega á milli iðnaðarsvæðisins og hafnarinnar, þ. e. innan hafnarsvæðisins. Ekki liggur fyrir hvernig skipafélög leysa úr flutningum að og frá Grundartanga vegna starfseminnar á nýju iðnaðarsvæðunum.

Áætluð aukning á umferð starfsfólks um Hvalfjarðargöng sem leitt getur af þeirri stækkun iðnaðarsvæða sem áætlunin gerir ráð fyrir er ekki talin verða umtalsverð. Litavali mannvirkja verði þannig hagað að byggingar verði lítt áberandi og falli inn í landslag og umhverfi samkv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Leggja skal fram hönnun útilýsingar með byggingarleyfissókn skv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Náttúru- og menningarminjar

Fornminjum í og við Katanes verður ekki raskað nema að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir verða þær tafarlaust tilkynntar til Minjastofnunar eins og lög gera ráð fyrir.

Að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands og áður en að framkvæmdum kemur verða gerðar eftirfarandi ráðstafanir sem nánar er lýst í skipulagslýsingu:

Rannsókn á tóftum með fornleifauppgreftri (BO-013:003, BO-013:006).

gröftur könnunarskurða í tvö útihús (BO-013:004, BO-013:005.)

Rif á þúst (BO-013:034). Gröftur könnunarskurðar í þústina til að ganga úr skugga um hvort hún geymi leifar mannvirkis eða mannvistarlaga.

Merking fornleifa á meðan á framkvæmdum standur: BO-013:008, BO-013:012, BO-013:012, BO-013:016, BO-013:021, BO-013:022, BO-013:024,

Að öðru leyti er umfjöllun um umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar vísað til deiliskipulags.

1.2.4. Lýsing á umhverfisvandamálum sem varða áætlunina, sérstaklega svæði sem hafa sérstakt náttúruverndargildi.

Eins og fram hefur komið er hluti strandar austursvæðis á náttúruminjaskrá: Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olústöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi.

Enda þótt svæði á náttúruminjaskrá njóti ekki formlegrar verndar verður í samráði við Umhverfisstofnun leitast við að lágmarka umhverfisáhrif iðnfyrirtækja á landslag og lífríki fjörunnar svo og fuglalíf við og upp af ströndinni.

Fornminjum í og við Katanes verður ekki raskað nema að fengnu leyfi Minjastofnunar Íslands. Ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir verða þær tafarlaust tilkynntar til Minjastofnunar eins og lög gera ráð fyrir. Að öðru leyti er vísað til kafla 6.2.3.

1.2.5. Upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið sem stjórnvöld hafa samþykkt og varða áætlunina og umfjöllun um hvernig tekið hefur verið tillit til þeirra og annarra umhverfissjónarmiða við gerð áætlunarinnar.

Aðalskipulagsáætlunin er í samræmi við stefnu sveitarstjórnar sem fram kemur í gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Vísað er til stefnumörkunar sveitarstjórnar, leiðarljóss og stefnumörkunar um iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu.

Áætlunin er í góðu samræmi við þá stefnu Skipulagslaga nr. 123/2010 að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um menningarminjar um að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða og að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um hollustuhætti og mengunarvarnir um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Áætlunin er í samræmi við eftirfarandi markmið í stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020 sem fram koma í „Velferð til framtíðar“:

Heilnæmt andrúmsloft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er. Í því samhengi er sérstaklega vísað til sérstakra áherslna/skilmála sveitarstjórnar og Faxaflóahafna fyrir frekari uppbyggingu iðnaðar- og athafnasvæða á Grundartanga, austursvæði í kafla 6.2.3

Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Við framkvæmdir sem raska eða breyta lifandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

Við framkvæmdir á fyrrnefndu svæði á náttúruminjaskrá verður haft samráð við Umhverfisstofnun. Með ríkulegum opnum svæðum meðfram Katanestjörn og Kalmansá og frekari umhverfisbótum er neikvæðum áhrifum á lífríki svæðanna haldið í lágmarki.

1.2.6. Skilgreining, lýsing og mat á líklegum verulegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfra valkosta við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar.

Ekki verður séð á aðalskipulagsstigi að áætlunin hafi í för með sér veruleg umhverfisáhrif. Landnotkunarflekar ganga ekki eins nærri viðkvæmum náttúrusvæðum við strönd, tjörn og á og þeir gera í gildandi aðalskipulagi. Auk þess koma fyrrnefndar sérstakar áherslur/skilmálar sveitarstjórnar og Faxaflóahafna í veg fyrir að á nýjum iðnaðarsvæðum verði starfsemi sem hefur í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

1.2.7. Upplýsingar um aðgerðir sem eru fyrirhugaðar til að koma í veg fyrir, draga úr eða vega upp á móti verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

Vænta má að samráð við Umhverfisstofnun um skipulag á svæði á náttúruminjaskrá og Minjastofnun Íslands um fornleifavernd á svæðinu muni draga úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar. Þá áformar landeigandi frekari umhverfisbætur á svæðinu, einkum umhverfis Katanestjörn.

1.2.8. Yfirlit yfir ástæður þess að kostirnir sem um er að ræða voru valdir og lýsing á því hvernig matið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var.

Aðalskipulagsbreytingin á austursvæðinu felst í því að tilteknum hluta svæðisins er breytt úr athafnasvæði í iðnaðarsvæði vegna eftirspurnar eftir stórum iðnaðarlóðum. Ekki er um að ræða aðra raunhæfa skipulagskosti en áætlunin gerir ráð fyrir. Svæðið er eðlilegt framhald á núverandi iðnaðarsvæði og tengist vel gatnakerfi svæðisins. Breytingin á vestursvæðinu er til

komin vegna nýrra skilgreininga á landnotkunarflokknum Hafnir sem heimilar ekki skipaviðgerðir eins og landnotkunarflokkurinn Hafnarsvæði gerði eins og fram kom í kafla 5.1.

1.2.9. Hvernig haga skuli vöktun vegna líklegra verulegra umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar, komi hún eða einstakir þættir hennar til framkvæmda.

Starfrækt er virk umhverfisvöktun fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Kveðið er á um vöktunina í starfsleyfum fyrirtækjanna og gerð er grein fyrir niðurstöðum í árlegum skýrslum. Tilgangur vöktunarinnar er að meta þau áhrif á umhverfið sem starfsemi á iðnaðarsvæðinu veldur. Í gildi er ný umhverfisvöktunaráætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun fyrir árin 2012-2021.

Eftirfarandi þættir eru vaktaðir: loftgæði, árvötn, umhverfi flæðigryfja í sjó, gróður, hey og grasbítar.

1.3. SAMANTEKT

Áætlunin kveður á um að Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2008-2020 verði breytt á þann veg að iðnaðarsvæði á Grundartanga verði stækkað, en athafnasvæði, hafnarsvæði og svæði með blandaðri landnotkun, athafna- og hafnarsvæði verði minnkuð að sama skapi.

Landnotkunarflekar á austursvæði ganga ekki eins nærri strönd, Katanestjörn og Kalmannsó og þeir gera í gildandi aðalskipulagi. Opin svæði stækka þar af leiðandi umtalsvert.

Tilfni breytingarinnar er stöðug og vaxandi eftirspurn eftir lóðum fyrir iðnaðarstarfsemi á Grundartanga.

Breytingin tekur aðallega til austursvæðisins þar sem hluti athafnasvæða og hafnarsvæða er breytt í iðnaðarsvæði, en einnig syðsta hluta vestursvæðisins neðan Klafastaðavegar þar sem m. a. er áformuð starfsemi á sviði skipaviðgerða.

Á austursvæði eru áformaðar nokkrar stórar lóðir fyrir starfsemi sem tengist annarri iðnaðarframleiðslu á svæðinu og stuðlar m. a. að lengra vinnsluferli afurða iðnaðarfyrirtækjanna á Grundartanga.

Í gildi eru eftirtaldar deiliskipulagsáætlanir á Grundartanga:

Deiliskipulag stóriðnaðarsvæðis, síðasta breyting samþykkt í sveitarstjórn 4. mars 2004.

Deiliskipulag vestursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 23. apríl 2013.

Deiliskipulag austursvæðis, samþykkt í sveitarstjórn 13. nóvember 2007.

Katanestjörn (Þjóðminjaverndarsvæði, Þ26) hefur verið endurheimt, frárennslisskurðum lokað og áform eru um frekari umhverfisbætur.

Áætlunin gerir ráð fyrir rýmilegum opnum svæðum meðfram henni en á og við hana er fjölskrúðugt fuglalíf.

Meðfram Kalmannsó eru einnig skilgreind umtalsverð opin svæði

Ströndin er á náttúruminjaskrá: Hvalfjarðarströnd. (1) Strandlengjan frá Miðsandi út að Katanesi. Til austurs markast svæðið af athafnasvæði olíustöðvar og til vesturs af athafnasvæði járnblendiverksmiðju. (2) Fögur strandlengja með fjölbreyttu landslagi og ríku fuglalífi. Enda þótt svæði á náttúruminjaskrá njóti ekki formlegrar verndar skal haft samráð við Umhverfisstofnun um deiliskipulag á svæðum innan fyrrgreindrar afmörkunar.

Fornminjar eru við og upp af Katanesi. Mikilvægustu minjarnar auk Katanestjarnar eru undir bæjarhólum á Katanesi. Lögum samkvæmt verður haft samráð við Minjastofnun Íslands um deiliskipulag og uppbyggingu á fyrrgreindu svæði.

Uppbygging á nýjum iðnaðarsvæðum er m.a. háð sérstökum áherslum/skilmálum sveitarstjórnar og Faxaflóahafna sem lágmarka munu áhrif af framkvæmd áætlunarinnar:

Umhverfisáhrif stækkunar iðnaðarsvæðisins á vatn og sjó, yfirborðs- og grunnvatn er háð eðli og umfangi þeirrar starfsemi sem heimiluð verður á svæðinu og verða því ekki metin á þessu stigi. Fyrir liggur að Vatnsveitufélag Hvalfjarðarsveitar muni sjá viðkomandi starfsemi fyrir nauðsynlegu vatni til framleiðslunnar.

Leggja skal fram hávaðakort og gera grein fyrir nauðsynlegum mótvægisáðgerðum með byggingarleyfisumsókn samkvæmt nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Í starfsleyfum viðkomandi starfsemi verður kveðið á um hvernig efni verða geymd og gengið frá fráveitu þannig að ekki skapist mengunarhætta.

Eldvarnir og og viðbrögð við efnaleka vegna nýrra iðnaðarsvæða er hluti af slökkviliðsmálum iðnaðarsvæðisins á Grundartanga. Viðbragðsáætlun varðandi efnaleka og eldvarnir skal leggja fram með byggingarleyfisumsókn. Ávallt skal beitt bestu fánægri tækni sem uppfyllir BAT staðal til að draga úr mengun frá iðnaðarsvæðum.

Stækkun iðnaðarsvæðisins hefur jákvæð áhrif á atvinnu- og verðmætasköpun á landsvísu svo og fyrir Hvalfjarðarsveit og Faxaflóahafnir þar sem um getur verið að ræða mikinn fjölda starfa á ársgrundvelli og aukinn útflutning verðmætra afurða frá höfninni.

Aðalflutningar vegna starfseminnar verða væntanlega á milli iðnaðarsvæðisins og hafnarinnar, þ. e. innan hafnarsvæðisins.

Áætluð aukning á umferð starfsfólks um Hvalfjarðargöng sem leitt getur af þeirri stækkun iðnaðarsvæða sem áætlunin gerir ráð fyrir er ekki talin verða umtalsverð. Litavali mannvirkja verði þannig hagað að byggingar verði lítt áberandi og falli inn í landslag og umhverfi samkv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Leggja skal fram hönnun útlýsingar með byggingarleyfisumsókn skv. nánari skilgreiningu í deiliskipulagi.

Ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdir verða þær tafarlaust tilkynntar til Minjastofnunar eins og lög gera ráð fyrir.

Að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands og áður en að framkvæmdum kemur verða gerðar tiltekna ráðstafanir sem nánar verður fjallað um í deiliskipulagi.

Að öðru leyti er umfjöllun um umhverfisþætti sem líklegt er að verði fyrir verulegum áhrifum af framkvæmd áætlunarinnar vísað til deiliskipulagsáætlunar.

Aðalskipulagsáætlunin er í samræmi við stefnu sveitarstjórnar sem fram kemur í gildandi aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Vísað er til stefnumörkunar sveitarstjórnar, leiðarljóss og stefnumörkunar um iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu.

Áætlunin er í góðu samræmi við þá stefnu Skipulagslaga nr. 123/2010 að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja varðveislu náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um náttúruvernd nr. 44/1999 um að stuðla að samskiptum manns og umhverfis þannig að hvorki spillist líf eða land né mengist sjór, vatn eða andrúmsloft.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um menningarminjar um að stuðla að verndun menningarsögulegra minja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða og að tryggja eftir föngum varðveislu menningarsögulegra minja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarsögulegum minjum landsins og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Áætlunin er í samræmi við markmið Laga um hollustuhætti og mengunarvarnir um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Áætlunin er í samræmi við eftirfarandi markmið í stefnumörkun stjórnvalda 2002-2020 sem fram koma í „Velferð til framtíðar“:

Heilnæmt andrúmsloft. Loftmengun af völdum umferðar, iðnaðar og annarrar starfsemi verði haldið í lágmarki eftir því sem kostur er. Í því samhengi er vísað til stefnumörkunar í gildandi aðalskipulagi og sérstakra áherslna/skilmála sveitarstjórnar og Faxaflóahafna fyrir frekari uppbyggingu iðnaðar- og athafnasvæða á Grundartanga, austursvæði.

Vernd lífríkis Íslands. Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistgerða.

Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Við framkvæmdir sem raska eða breyta lífandi náttúru verði beitt varúðarsjónarmiði og vistkerfisnálgun þannig að neikvæðum áhrifum á vistkerfi verði haldið í lágmarki.

Ekki verður séð á aðalskipulagsstigi að áætlunin hafi í för með sér veruleg umhverfisáhrif. Landnotkunarflekar ganga ekki eins nærri viðkvæmum náttúrusvæðum við strönd, tjörn og á og

þeir gera í gildandi aðalskipulagi. Auk þess koma fyrrnefndar sérstakar áherslur/skilmálar sveitarstjórnar og Faxaflóahafna í veg fyrir að á nýjum iðnaðarsvæðum verði starfsemi sem hefur í för með sér neikvæð umhverfisáhrif.

Vænta má að samráð við Umhverfisstofnun um skipulag á svæði á náttúruminjaskrá og Minjastofnun Íslands um fornleifavernd á svæðinu muni draga úr líkum á neikvæðum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar.

Ekki er um að ræða aðra raunhæfa skipulagskosti en áætlunin gerir ráð fyrir. Svæðið er eðlilegt framhald á núverandi iðnaðarsvæði og tengist vel gatnakerfi svæðisins.

Starfrækt er virk umhverfisvöktun fyrir iðnaðarsvæðið á Grundartanga. Kveðið er á um vöktunina í starfsleyfum fyrirtækjanna og gerð er grein fyrir niðurstöðum í árlegum skýrslum. Í gildi er ný umhverfisvöktunaráætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun fyrir árin 2012-2021.